

Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á Akureyri og nágrenni

Afhending 2019/73

Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á Akureyri og nágrenni var stofnað árið 1958. Um hundrað manns töldust stofnfélagar í félaginu og milli fimmtíu og sextíu manns sóttu stofnfundinn. Fyrsti formaður félagsins var Emil Andersen, en fyrsta stjórn félagsins var auk þess skipuð Adolf Ingimarssyni, Heiðrúnu Steingrímsdóttur, Kristínu Konráðsdóttur og Sveini Þorsteinssyni.

Akureyrarbær úthlutaði félaginu lóð við Hvannavelli og framkvæmdir við hús handa félaginu hófust árið 1959. Húsið fékk nafnið Bjarg. Í fyrsta áfanga var byggður salur ásamt eldhúsi, skrifstofuherbergi og snyrtingum og í salnum voru haldnir fundir og föndurkvöld.

Árið 1968 var stofnuð Plastiðjan Bjarg sem hafði starfsemi sína í höfuðstöðvum félagsins að Hvannavöllum. Aðalframleiðsluvaran voru tengidósir fyrir raflagnir en seinna var einnig farið að framleiða fiskkassa sem og setja saman rafmagnsklær.

Endurhæfingarstöð Bjargs var sett á laggirnar árið 1970 en stöðin flutti í nýtt húsnæði sem félagið lét byggja árið 1981 við Bugðusíðu.

Árið 1964 stofnaði félagið minningarsjóð Ragnheiðar Hjaltadóttur, sem hafði verið virkur félagi félagsins og lést árið áður. Sjóðnum var ætlað að efla föndurvinnu hjá félaginu, m.a. með því að standa straum af kostnaði við kennslu á föndri.

Afhendingin kom frá Jósep Sigurjónssyni. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá félaginu.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

19. nóvember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Sjálfsbjörg félag fatlaðra á Akureyri og nágrenni			2019 / 73
A-Fundargerðabækur			1958 - 1991
2019 - A / 1	1	1958- 1972 Fundargerðabók félagsins.	33 x 23.5 cm Útskorin trékápa
2019 - A / 1	2	1958- 1965 Fundargerðabók stjórnar félagsins	22.5 x 18.5 cm ib. Laus
2019 - A / 1	3	1972- 1977 Fundargerðabók stjórnar félagsins	24.5 x 19.5 cm ib.
2019 - A / 1	4	1958- 1976 Félagaskrá (óárs.); Lög félagsins (1958); aðalfundargerð (1976)	Var inni í A-1-2 og A-1-3
2019 - A / 2	1	1977- 1980 Fundargerðabók stjórnar félagsins	24.6 x 19.5 cm ib.
2019 - A / 2	2	1980- 1987 Fundargerðabók stjórnar félagsins	30.4 x 21.5 cm lb.
2019 - A / 2	3	1987- 1991 Fundargerðabók stjórnar félagsins	30.5 x 22 cm lb.
2019 - A / 2	4	1973- 1987 Gerðabók starfsnefndar byggingaframkvæmda Sjálfsbjargar	24.7 x 19.5 cm lb.
2019 - A / 2	5	1972- 1984 Fundargerðabók Endurhæfingarstöðvar Sjálfsbjargar Akureyri	21 x 17.3 cm lb.
2019 - A / 2	6	1980- 1980 Minnisblað um sjúkráþjálfu (óárs.); fundargerð stjórnar Endurhæfingarstöðvar Sjálfsbjargar á Akureyri (óárs.); minnisblað um rekstrar- og launamöguleika (óárs.); bréf til stjórnar Endurhæfingarstöðvar Sjálfsbjargar (1980)	Var inni í A-2-5
B - Bókhald og sjóðir			1959 - 1975
2019 - B / 1	1	1964- 1965 Sjóðsbók Minningarsjóðs Ragnheiðar Hjaltadóttur; skipulagsskrá sjóðsins útprentuð	30 x 22 cm ib. Flauelskápa með útsaumúðu blómi
2019 - B / 1	2	1960- 1975 Efnahagsreikningar félagsins; reikningar vegna byggingaframkvæmda félagsins	25.4 x 19.5 cm ib.
2019 - B / 1	3	1959- 1970 Gjafir til og greiðslur úr sjóðum félagsins	22.8 x 18.5 cm ib.
2019 - B / 1	4	1975- 1975 Skipulagsskrá Hjálparsjóðs Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á Akureyri og nágrenni	Var inni í B-1-1
C - Plastiðjan Bjarg			1969 - 1983
2019 - C / 1	1	1969- 1982 Fundargerðabók verksmiðjustjórnar Sjálfsbjargar	22.6 x 17.2 cm ib.
2019 - C / 1	2	1982- 1983 Fundargerðabók verksmiðjustjórnar Sjálfsbjargar	30.4 x 21.3 cm ib.
2019 - C / 1	3	1973- 1976 Framleiðsla fiskkassa: Minnispunktar frá fundum, listar yfir verkefni	25 x 19.5 cm ib.